

# Fundargerð

*27. fundur í umhverfis- skipulags- og bygginganefnd.*

*Miðvikudaginn 13. maí 2009 kom USB til fundar í fundarsal Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn.*

Mætt: Vífill Þorfinnsson, Sóley Indriðadóttir, Steinn Karlsson, Jóhanna Helgadóttir, og Sigurður J. Jónsson.

## Dagskrá.

Umræða um grenndarkynningu vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Lyngholti. Haft var samband við Málfríði hjá Skipulagsstofnun og fór hún yfir þessi mál með nefndarmönnum í gegnum síma. Samþykkt að senda gögn um fyrirhugaða stækkun til Skipulagsstofnunar sem mun senda nefndinni leiðbeiningar um afgreiðslu svona mála. Málið verður tekið fyrir á fundi strax eftir að umrædd gögn berast frá Skipulagsstofnun.

Skólagarðar, umræða um staðsetningu. Skv bókun á 23. fundi USB 13. janúar s.l. er vísað á tvo staði á Þórshöfn þ.e. norðan grunnskóla og sunnan Nausts. Nefndin leggur til að skólagarðar verði á Bakkavegi sunnan Nausts og felur verkstjóra áhaldahúss ásamt fulltrúa frá ÍTN að staðsetja garðana. Smíðavelli og kofabyggð verði fundinn staður á sömu slóðum. Samp. samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:40.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.